



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Sýklafræði
SÝKL2SS05

Kennsluáætlun – Vorönn 2021

Kennari: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni:

Sýklafræði eftir Boga Ingimarsson, lðnú

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfisþætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
1. vika 7.1	Kynning á námsefni. Almennt um sýkla	1.kafli
2. vika 11.-15.1	Almennt um sýkla	1.kafli
3. vika 18.-22.1	Sýkingar	2. kafli
4. vika 25.1- 29.1	Almennar varnir manna gegn sýkingum	3. kafli

5. vika 1.2-5.2	Sóttvarnir	4. kafli
6. vika 8.2-12.2	Sýklalyf	5. kafli
7. vika 15.2-19.2	Verknám	
8. vika 22.2-26.2	Verknám	
9. vika 1.3.-5.3	Verknám	
10. vika 8.3.-12.3	Ónæmiskerfið	6. kafli
11 vika 15.3-19.3	Bólusetningar/ónæmisaðgerðir	7.kafli
12. vika 22.3-26.3	Veirur	8.kafli
13.vika 29.43-6.4	Páskafrí	
14. vika 7.4-9.4	Bakteríur/Sveppir	9.kafli
15.vika 12.4 – 16.4	Sveppir	10. kafli

16.vika 19.05.-23.05	Sníkjudýr	
	Upprifjun	

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að hafa mætingu samkvæmt mætingarreglum skólans, vinna vel í tímum og svara spurningum eftir hvern kafla til að fá próftökurétt.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf í próftöflu		60%
Virkni, mæting og skil á spurningum	Virkni í tímum, mæting í tíma og vinna og yfirferð á spurningum eftir hvern kafla. Og verkefni	40%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.